



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Lögbann og skilyrði þess

Framkvæmd lögbanns hjá sýslumanni og
dómstólum

Aron Örn Grétarsson

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2022

Lögbann og skilyrði þess

Framkvæmd lögbanns hjá sýslumanni og
dómstólum

Aron Örn Grétarsson

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukennari
Jónína Guðmundsdóttir

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Reykjanesbær, 13. maí, 2022

Titill: Lögbann og skilyrði þess
Stuttur titill: Framkvæmd lögbanns hjá sýslumanni og dómstólum
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-
prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2022 Aron Örn Grétarsson
Öll réttindi áskilin

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Aron Örn Grétarsson, 2022, bakkalárprófsverkefni, Lagadeild, hug- og
félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 33 bls.

Reykjanesbær, 13. maí, 2022

Útdráttur

Tilraun almannavalds til þess að sporna við því að félagslegt aðhald verði óvirkt, eða jafnvel gangi of langt, hefur verið gerð með því að setja á þvinganir með formlega afmörkuðum og skipulögðum viðurlögum. Slíkt aðhald er útfært á marga vegu svo sem með refsíákvæðum við ákveðinni hegðun en einnig með bráðabirgðagerðum eins og kyrrsetningu, löggeymslu og lögbanni.

Greint er um skilyrði lögbanns í 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990. Í 1. mgr. kemur fram að með lögbanni er ætlað að stöðva athöfn sem er byrjuð eða yfirvofandi, til þess að verja lögvarinn rétt gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi þarf þá einnig að sanna eða gera sennilegt að athöfn sú muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans og þurfi hann að bíða eftir dómsniðurstöðu um athöfnina, verði á rétti hans brotið.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra sjá um að framkvæma lögbönn. Þegar lögbannsbeiðni berst sýslumanni þarf hann að tryggja að beiðnin um lögbann standist þau formskilyrði sem ætlast er til og ber rétt til að synja beiðninni ef gögn gerðarbeiðanda standast þau ekki. Ef gerðin á að halda gildi sínu til lengri tíma þarf að fá niðurstöðu dómstóla til staðfestingar á henni. Að lokum er það í höndum dómstóla að ákvarða hvort skilyrði lögbanns séu fyrir hendi.

Í þessari ritgerð verður vikið nánar að framkvæmd lögbanns hjá sýslumönnum og dómstólum. Auk þess verða skilyrði fyrir lögbanni skilgreind og hvernig tekist er á um þau af dómstólum.

Abstract

An attempt by the public authorities to prevent social restraint from becoming ineffective, or even going too far, has been made by imposing constraints through formally demarcated and organized sanctions. Such restraint is implemented in many ways, such as with penal provisions for certain behaviors, but also with temporary acts such as detention and injunction.

The requirements for an injunction are described in article 24. in the act on detention, injunction, no. 31/1990. The article's first paragraph states that an injunction is intended to stop an act that has begun or is imminent, in order to defend the right of the petitioner. The petitioner must then also prove or make probable that the act will violate his legally protected right and that if he is forced to wait for a court decision on the act, his rights will be violated.

District magistrates and their legal representatives are responsible for enforcing injunctions. When a request for an injunction is received by the district commissioner, he must ensure that the request for an injunction meets the required formal requirements and has the right to reject the request if the petitioner's documents do not meet them. If the act is to remain in force for a long time, a court decision must be obtained to confirm it. Ultimately, it is up to the courts to determine whether the conditions of the injunction are met.

This dissertation will deal in more detail with the implementation of injunctions by district commissioners and courts. In addition, the conditions for injunction will be defined and how these conditions are defined by the courts.

Ég er lánsamur að eiga marga góða að sem hafa á einn eða annan hátt lagt mér hjálparhönd. Fyrst af öllu vil ég þakka Katrínu Helgu fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum allt námið, án hennar hefði þetta ekki verið mögulegt. Þá vil ég þakka Jónínu Guðmundsdóttur, lögmanni, fyrir jákvæðni og góða leiðsögn. Jafnframt vil ég þakka Maríu Ólafsdóttur fyrir lestur og yfirferð á ritgerð. Sérstakar þakkir færi ég foreldrum mínum og tengdforeldrum fyrir það að börnin mín fengu að leita með þeim á vit ævintýranna þegar mest á reyndi.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	1
2. ALMENNT UM LÖGBANN.....	3
2.1. LÖGBANN SEM SKIPULAGT AÐHALD ALMANNAVALDS.....	3
2.2. FLOKKUN LÖGBANNS Á MEÐAL ANNARRA FULLNUSTUGERÐA	4
2.3. BREYTING Á LÖGBANNI MEÐ NÝJUM LÖGUM.....	5
2.4. SKILYRÐI LÖGBANNS	6
2.5. FRAMKVÆMD OG AÐILD AÐ LÖGBANNI.....	7
3. AÐGERÐIR HJÁ SÝSLUMANNI.....	9
3.1. HÆFI SÝSLUMANNA OG LÖGLÆRÐRA FULLTRÚA ÞEIRRA.....	9
3.2. VANHÆFI SÝSLUMANNA	9
3.3. UPPHAFAÐGERÐIR SÝSLUMANNS VIÐ LÖGBANNSBEIÐNI	10
3.4. VARNARÞING.....	11
3.5. ÁKVÖRÐUN SÝSLUMANNS UM HVORT LÖGBANN FER FRAM EÐA EKKI.....	12
3.6. TRYGGING GERÐARBEIÐANDA OG GERÐARÞOLA	14
4. RÉTTARÁHRIF LÖGBANNS	15
5. AÐKOMA DÓMSTÓLA AÐ LÖGBANNI.....	17
5.1. ÁGREININGUR BORINN UNDIR DÓMSTÓLA	17
5.2. ÞEGAR LÖGBANNI ER ÓLOKIÐ	18
5.3. ÞEGAR LÖGBANNI ER LOKIÐ.....	19
5.4. STAÐFESTINGARMÁL	19
6. SKILYRÐI LÖGBANNS Í DÓMAFRAMKVÆMD	23
6.1. ATHAFNIR ÞURFA AÐ VERA BYRJAÐAR EÐA YFIRVOFANDI.....	23
6.2. KRAFA ÞARF AÐ VARÐA LÖGVARINN RÉTT.....	26
6.3. SÖNNUNARBYRÐI	28
7. SAMANTEKT OG LOKAORÐ.....	31
HEIMILDASKRÁ:.....	33

1. Inngangur

Eitt af verkefnum almannavalds, eða þeirra valdastofnanna sem sjá um formlegt aðhald fyrir ríkið, er að viðhalda lögum og reglum þegar félagslegt aðhald samfélags gengur of langt eða verður óvirkt. Þetta hefur verið framkvæmt með því að setja á þvinganir með formlega afmörkuðum og skipulögðum viðurlögum við hegðun fólks. Þessar þvinganir eru af ýmsum toga og eru útfærðar á marga vegu.¹ Má þar nefna fullnustugerðir sem eru valdbeitingarathafnir sem ríkið notar í því skyni að ná fram efndum á skyldum manna og lögpersóna.² Fullnustugerðir eru framkvæmdar af sýslumönnum og flokkast því sem framkvæmdarvaldsathafnir.³ Einn flokkur fullnustugerða eru bráðabirgðagerðir sem ætlað er að halda óbreyttu ástandi þar til hægt er að leysa úr deilum með dómi. Til bráðabirgðagerða flokkast kyrrsetning, löggeymsla og lögbann.⁴

Skilyrði lögbanns er skilgreint í 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 (hér eftir nefnd KSL). Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. er lögbanni ætlað að stöðva athöfn sem er byrjuð eða yfirvofandi og er ætlað að verja lögvarinn rétt gerðarbeiðanda. Á gerðarbeiðanda hvílir sönnunarbyrði að sanna eða gera sennilegt að athöfn sem lögbann á að stöðva muni brjóta gegn lögvörðum hagsmunum hans. Grundvallarbreytingar áttu sér stað þegar heildstæð lög um kyrrsetningu, löggeymslu og lögbann voru sett og má þar nefna að framkvæmd þeirra færðist úr höndum dómstóla og sýslumenn tóku við þeim.⁵

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir hvað lögbann er og þeim meginreglum sem lögbanni fylgja. Því næst verður leitast við að útskýra hvert hlutverk sýslumanna er við framkvæmd þeirra og hvað þeir þurfa að hafa í huga þegar lögbannsbeiðni berst á borð þeirra. Þá verður aðkoma dómstóla að lögbanni skoðað, hvernig þeir leysa úr ágreiningi og hvernig málum er háttað fyrir dómstólum. Í lokin verða

¹ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði, Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Reykjavík 2010, bls. 42-44.

² Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*. Reykjavík 1995, bls. 17-19.

³ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 24-25.

⁴ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 22-23.

⁵ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.* Reykjavík 1992, bls. 143-145.

nokkrir dómar skoðaðir til þess að fá betri innsýn í dómaframkvæmd í lögbannsmálum og hvenær dómstólar telja skilyrði lögbanns vera uppfyllt og hvenær ekki.

2. Almennt um lögbann

2.1. Lögbann sem skipulagt aðhald almannaþingar

Tilraun almannaþingar til þess að sporna við því að félagslegt aðhald verði óvirkt, eða jafnvel gangi of langt, hefur verið gerð með því að setja á þvinganir með formlega afmörkuðum og skipulögðum viðurlögum. Slíkt aðhald er útfært á marga vegu svo sem með refsiaðgangum við ákveðinni hegðun en einnig með bráðabirgðagerðum eins og kyrrsetningu, löggeymslu og lögbanni.⁶ Tilvist dómstóla hefur einnig verið útskýrð með sambærilegum hætti eða þá að undir þeirra leiðsögn komi ríki í veg fyrir að menn gangi berserksgang við það eitt að fá það sem þeir telja rétti sínum fullnægt. Til þess að ná því markmiði hefur íslenska ríkið til að mynda falið handhöfum ríkisvalds heimildir til fullnustugerða. Fullnustugerðir hafa verið skilgreindar sem: „Valdbeitingarathöfn, sem ríkið grípur til í því skyni, að þvinga fram efndir á skyldu manns eða persónu að lögum, sem hlutaðeigandi vill ekki verða við af fúsum vilja eða getur ekki orðið við.“⁷

Við fyrstu skoðun mætti telja að fullnustugerðir falli undir réttarsvið stjórnsluréttar, þar sem aðgerðir stjórnvalda eru meðal annars til umfjöllunar. Á Íslandi hafa þær þó verið flokkaðar undir fræðigreininna réttarfar. Hér áður fyrr töldust fullnustugerðir til dómsathafna og voru framkvæmdir þeirra nær eingöngu í höndum dómara. Við heildarendurskoðun á réttarfarslöggið sem átti sér stað samhliða því að lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 voru sett, var framkvæmd fullnustugerða sett í hendur stjórnvalda og urðu þannig framkvæmdarvaldsathafnir sem sýslumenn sjá um. Í málsmeðferð er margt við fullnustugerðir sem byggir á sömu meginreglum, og eru bundnar við athafnir sem stjórnslulögin halda utan um, en sökum sérsjónarmiða sem gilda um athafnir í réttarfarslöggið sem eru frábrugðin þeim sem gilda fyrir stjórnsluna þykir ekki rétt að setja þessar athafnir undir sama hatt.⁸ Fyrir þessu má færa ákveðin rök. Sem dæmi eru heimildir til fullnustugerða í sumum tilfellum háðar því að dómur hafi fallið um þær. Sérstakar reglur gilda að sama skapi um aðrar

⁶ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði, Grundvöllur laga – réttarheimildir*, bls. 42-44.

⁷ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 17-19.

⁸ Páll Hreinsson: *Málsmeðferð Stjórnvalda*, Reykjavík 2019, bls. 35.

fullnustugerðir eða að í þeim sé heimild til þess að bera aðgerðir og ákvarðanir stjórnvalda sem framkvæma þær, beint undir dómstóla, eins og ákvarðanir sem teknar eru um ágreiningsmál á milli þeirra sem hafa aðild að gerðinni. Það í sjálfu sér má túlka sem einstaklega víðtækt vald dómstóla til þess að endurskoða ákvarðanir sýslumanns og annarra sem fara með slíkar gerðir. Dómstólar hafa einnig vald til þess að ákvarða hvernig haga skal gerðum á seinni stigum þeirra. Þá má einnig nefna að á Íslandi hefur lengi verið fylgt erlendum fyrirmyndum í setningu laga og framkvæmd þeirra og í nágrennalöndum okkar er fjallað um fullnustuðgerðir sem efni í réttarfari. Þá er einnig tekið fram í 1. mgr. 2. gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að reglur laganna gilda ekki um athafnir stjórnvalda við bráðabirgðagerðir, aðfaragerðir og nauðungarsölu.⁹

2.2. Flokkun lögbanns á meðal annarra fullnustugerða

Fullnustugerðum hefur verið skipt í fimm flokka. Þeir eru aðfaragerðir, bráðabirgðagerðir, nauðungarsala, gjaldþrotaskipti og opinber skipti á dánarbúi. Flokkun bráðabirgðagerða sem fullnustugerða hefur þó verið umdeild, þar sem ólíkt öðrum fullnustugerðum er þeim ætlað að halda óbreyttu ástandi þar til hægt verði að leysa úr deilum með dómi. Bráðabirgðagerðir hafa því þá sérstöðu að tryggja réttindi í stað þess að fullnægja þeim. Líkt og fullnustugerðir fara bráðabirgðagerðir fram burt séð frá vilja þess sem þeim er ætlað að beinast að og eru því framkvæmanlegar með valdi. Með þessi kennileiti og að sambærilegar reglur gilda yfir framkvæmd aðfaragerða og bráðabirgðagerða, hefur verið talið ákveðin einföldun að flokka bráðabirgðagerðir meðal fullnustugerða.

Til bráðabirgðagerða flokkast kyrrsetning, löggeymsla og lögbann. Flokkurinn dregur nafn sitt af því að gerðir þær sem honum tilheyra er einungis ætlað að viðhalda því að ákveðið ástand haldist óbreytt þar til að hægt er að fá fullnustu með dómi eða til þess að sporna fyrir ólögumætum athöfnum sem telja líklegar til þess að brjóta á rétti annarra.¹⁰ Bráðabirgðagerðirnar eru nánar útfærðar í KSL.

⁹ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfaragerðir*, bls. 25-26.

¹⁰ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 143-144.

2.3. Breyting á lögbanni með nýjum lögum

Þegar KSL tóku gildi leystu þau um leið eldri lög um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949 af hólmi. Við það urðu talsverðar breytingar á bráðabirgðagerðunum og má þar meðal annars nefna það að framkvæmd þeirra færðist úr höndum dómstóla og yfir til sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra eins og fram kom hér að framan.¹¹

Við lagabreytingu voru skilyrði lögbanns einnig þrengd og má þar sérstaklega nefna að sönnunarbyrðin til þess að fá lögbann lagt á athöfn færðist úr höndum gerðarþola yfir til gerðarbeiðanda. Eldri framkvæmd hafði verið gagnrýnd þar sem gerðarbeiðandi gat í raun lagt nægilega tryggingu fram til þess að fá fram lögbann gegn gerðarþola og því einungis með gjaldi, fjármagnað lögbann án nokkurar sönnunar um réttindi sín.¹²

Þá voru einnig lögfestar fylgiathafnir með lagabreytingunni sem áður höfðu einungis verið viðurkenndar í framkvæmd eða í það minnsta aðgerðir sem voru sambærilegar þeim sem nú voru lögfestar. Þær fá heitið fylgiathafnir þar sem þær eru skyldar þeim aðgerðum sem sýslumaður beitir til þess að framfylgja lögbanni og eru að finna í 1. og 2. mgr. 25. gr. KSL. Hér er um að ræða bæði bein fyrirmæli um athafnir sem sýslumaður má leggja fyrir gerðarþola bæði til þess að framkvæma eitthvað sbr. 1. mgr. 25. gr. og sem heimild til þess að svipta gerðarþola munum sem hann notar eða gæti notað til þess að brjóta lögbann sbr. 2. mgr. 25. gr. Þessar aðgerðir fara þá fram að kröfu gerðarbeiðanda með samþykki sýslumanns. Gerðarbeiðandi ber þá ábyrgð á gerðinni og kann að þurfa að leggja fram sérstaka tryggingu sem vörn fyrir gerðarþola ef umráðatakan veldur skemmdum eða gerðarþoli tapar fjármunum með afnotamissi sbr. 3. mgr. 19. gr. KSL.

Ákveðin skilyrði hanga við 1. mgr. 25. gr. KSL um að leggja þær kvaðir á gerðarþola að vinna ákveðið verk. Til að mynda þarf að vera möguleiki til þess að annar maður geti framkvæmt athöfnina ef gerðarþoli neitar að verða við beiðni sýslumanns eða er tregur við framkvæmdina. Þá er einnig skilyrði að fylgiathöfnin sé nauðsynleg til þess að gerðarþoli virði lögbannið og þarf því að vera yfirvofandi hætta á að gerðarþoli muni brjóta lögbannið með því að stöðva ekki ástandið á þann máta. Þessa yfirvofandi hættu

¹¹ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 143-145.

¹² Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 185.

þarf gerðarbeiðandi að færa sönnur fyrir. Framkvæmdin á fylgiathöfninni má ekki vera af þeim toga að hún sé erfið í verki. Verði gerðarþoli ekki við beiðninni getur sýslumaður framkvæmt athöfnina, ýmist sjálfur eða með aðstoð annarra, en þá er hún gerð að kostnað gerðarbeiðanda.

Við 2. mgr. 25. gr. KSL eru sambærileg skilyrði sett því að sýslumaður fjarlægir muni gerðarþola til þess að viðhalda lögbanninu enda ekki talin eðlismunur á greinunum heldur stigsmunur. Gerðarþoli þarf þá að geta notað munina við athöfnina sem lögbannið er sett á til að stöðva og þarf því að sýna fram á það sé nauðsynlegt að fjarlægja munina sökum þess að ásetningur gerðarþola sé til staðar.

Ekki er hægt að koma að kröfu skv. 25. gr. KSL nema við framkvæmd lögbannsins.¹³

2.4. Skilyrði lögbanns

Um skilyrði lögbanns er greint í 24. gr. KSL. Í 1. mgr. kemur fram að með lögbanni er ætlað að stöðva athöfn sem er byrjuð eða yfirvofandi, til þess að verja lögvarinn rétt gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi þarf þá einnig að sanna eða gera sennilegt að athöfn sú muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans og að þurfi hann að bíða eftir dómsniðurstöðu um athöfnina, verði á rétti hans brotið.

Með 2. mgr. 24. gr. KSL eru lögð höft á að lögbann verði sett á stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags og má finna frekari ákvæði varðandi höft í 3. mgr. þar sem greint er að lögbann verður ekki lagt við athafnir sem eru nægilega tryggðar gerðarbeiðanda í réttarreglum um refsingu eða skaðabætur verði rétti hans raskað og að ef hægt er að sýna fram á að hagsmunir gerðarþola séu verri af ef athöfn sú er lögbann beinist að sé staðfest, en hagsmunir gerðarbeiðanda sé henni neitað.

Eins og fram hefur komið er lögbanni ætlað að stöðva athöfn sem er byrjuð eða er yfirvofandi. Með athöfn er hér átt við þá aðgerð gerðarþola sem er byrjuð og það ástand sem hefur komist á sökum þess. Gerðarbeiðandi þarf þá að sýna fram á mótaðan ásetning

¹³ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 191-193.

hjá gerðarþola til þess að framkvæma athöfn sem hefur ekki enn átt sér stað og að við það muni lögvarinn réttur hans verða brotinn.

Lögbann verður heldur ekki lagt á athöfn sem hefur þegar átt sér stað eða olli ekki ástandi sem hægt er að stöðva. Lögbann er því ekki afturvirk og ef athöfn er byrjuð eða ástand komið á en hvorugu þeirra er lokið, verður lögbannið einungis lagt á til þess að stöðva áframhaldandi verknað og/eða skaða. Þá er ekki hægt að leggja lögbann við athafnaleysi. Sem dæmi má hér nefna að það er ekki hægt að setja lögbann á vanefndir innan samninga eins og að afhenda ekki hlut eða greiða ekki skuld á umsömdum tíma.¹⁴

2.5. Framkvæmd og aðild að lögbanni

Eins og með aðrar bráðabirgðagerðir er framkvæmd lögbanns í höndum sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra og sérreglur um lögbann er að finna í KSL og verður nánar fjallað um þær hér síðar.¹⁵

Sá sem óskar eftir lögbanni er kallaður gerðarbeiðandi og þarf hann jafnframt að sanna það að hann eigi þann lögvarða rétt sem hann telur að brotið verði gegn og til sönnunar eru gerðar nokkuð strangar kröfur. Gerðarbeiðendur geta verið fleiri en einn og geta þeir því allir krafist lögbanns. Lögbanninu er þá beint til þess að stöðva athöfn sem er framkvæmd af eða framkvæmd hennar er yfirvofandi af höndum gerðarþola. Þriðji aðili getur jafnframt átt aðild að lögbanni en hann þarf þá að færa sönnur fyrir því að hann eigi lögvarða hagsmuni að húfi til að fá kröfuna samþykkt.¹⁶

Gerðarbeiðandi þarf að skila inn skriflegri kröfu um lögbann til sýslumanns þegar hann fer fram á lögbann og í henni þurfa að koma fram atriði sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. 26. gr. KSL. Gerðarbeiðandi þarf að sanna að lögvarinn réttur hans verði brotinn verði ákveðin athöfn ekki stöðvuð og sýslumaður getur krafist tryggingu til þess að fyrirbyggja tjón sem lögbann getur ollið gerðarþola. Gerðarþoli á þá einnig möguleika á að afstýra

¹⁴ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 185-188.

¹⁵ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 144.

¹⁶ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 193.

bráðabirgðagerð með því að setja fram tryggingu til þess að greiða tjón sem gerðarbeiðandi gæti orðið fyrir með athöfn hans.¹⁷

Eins og áður er getið er lögbann bráðabirgðagerð, sett á tímabundið á meðan beðið er eftir niðurstöðu dómstóla og þarf því að höfða staðfestingarmál fyrir dómstólum. Stefna að staðfestingarmáli þarf að berast héraðsdómi innan viku frá lokum gerðarinnar. Sé þessu ekki fylgt fellur lögbann sjálfkrafa úr gildi, nema að sá sem lögbannsbeiðnin beinist gegn heiti því að verða við kröfu gerðarbeiðanda án staðfestingarmáls.¹⁸

¹⁷ Eiríkur Tómasson: „Réttarfar“. Í ritinu *Um lög og rétt – helstu greinar íslenskrar lögfræði*, Reykjavík 2017. bls. 187-189.

¹⁸ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 32.

3. Aðgerðir hjá sýslumanni

Lög um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18/1949, voru felld úr gildi og KSL voru lögfest sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan og réttarfar og um meðferð framkvæmdavalds í héraði. Þá var ein grundvallarbreytingin sú hverjum var falið að annast framkvæmd á beiðnum um bráðarbirgðagerðir. Í stað dómara var gengið út frá því að framkvæmdavaldshafar í héraði, eða sýslumenn, myndu annast framkvæmd þessara gerða og að þær yrðu um leið stjórnssýsluathafnir.¹⁹

Í þessum kafla verður fjallað nánar um það sem sýslumaður annast þegar lögbannsbeiðni berst og því sem hann ber að hafa í huga þegar lögbanns er krafist.

3.1. Hæfi sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra

Eins og fram kom hér að ofan eru það sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra sem sjá um að framkvæma lögbönn. Um framkvæmd þeirra á lögbannsgerðum og hæfi þeirra til þess er jafnframt tekið fram í 2. gr. KSL, en um almennt hæfi sýslumanna má finna í lögum um framkvæmdarvald og stjórnssýslu ríkisins í héraði nr. 50/2014.

Af 2. mgr. 2. gr. KSL má því áætla að ef sýslumaður fer ekki með lögbann getur löglærður fulltrúi hans farið með gerðina. Þá er sú krafa um að fulltrúar sýslumanns séu löglærðir í KSL sett sökum þess að við lögbannsgerð, ásamt öðrum bráðabirgðagerðum og aðfaragerðum, getur greint á um lögfræðileg álitaefni og því öruggara að fulltrúar sýslumanna, sem eru ýmist löglærðir eða ekki, hafi lögfræðipækkingu við slíka gerð.²⁰

3.2. Vanhæfi sýslumanna

Um vanhæfi sýslumanna til að framkvæma lögbann er einnig getið í 2. mgr. 2. gr. KSL, þar sem hæfniskröfur þeirra eru skilgreindar. Þar kemur fram að um hæfi þeirra til að fara með gerðir samkvæmt lögum KSL fer eftir reglum laga um hæfi dómara til þess að fara með einkamál í héraði eftir því sem við á. Hér er átt við þær reglur sem gilda um vanhæfi

¹⁹ Alþt. 1989-1990. Bls 1727-1728.

²⁰ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 72-73.

héraðsdómara og dómarafulltrúa í 5. og 6. gr. um lög um meðferð einkamála nr. 91/1991, hér eftir EML.

Gerðarbeiðandi og gerðarþoli geta báðir farið fram á að sýslumaður víki frá gerð sökum vanhæfis en við þá kröfu hefur gerðarbeiðandi ríkari rétt. Gerðarbeiðandi getur borið ákvörðun sýslumanns, um að neita að víkja frá gerð undir héraðsdóm skv. V. kafla KSL, um meðferð mála fyrir héraðsdóm til úrlausnar ágreinings þegar ágreiningur varðar undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar. Krafa gerðarþola verður þá ekki borin undir héraðsdóm fyrr en í staðfestingarmáli, nema þá að gerðarbeiðandi samþykki annað. Þessi ríkari réttur gerðarbeiðanda er tryggður í 13. gr. KSL, þar sem réttur gerðarþola til þess að stöðva gerð er takmarkaður.²¹

Samkvæmt orðanna hljóðan í 1. mgr. 6. gr. EML, ber sýslumanni að gæta að hæfi sínu af sjálfsdáðum, einnig þegar aðilar máls fara fram á að hann víki frá gerð. Ef sýslumaður ákveður að víkja frá gerð gerir hann svo með ákvörðun sem hann bókar í þar til gerðri gerðarbók er sýslumaður heldur við framkvæmd lögbanns og annarra fullnustugerða. Ef svo fer að sýslumaður ákveður að víkja frá gerð sökum vanhæfis er það hlutverk ráðherra að skipa annan löglærðan aðila til þess að framkvæma hana sbr. 3. mgr. 2. gr. KSL.²²

3.3. Upphafsaðgerðir sýslumanns við lögbannsbeiðni

Þegar sýslumanni berst lögbannsbeiðni ber honum að skrá hana sérstaklega. Þá er haldin sameiginleg málaskrá yfir beiðnir um kyrrsetningu, löggeymslu og lögbann sbr. 1. mgr. 4. gr. KSL og reglugerð sem er sett af ráðherra. Reglugerð sú er nr. 17/1992 og þar er farið fram á að við kröfu um lögbann, löggeymslu eða kyrrsetningu séu eftirfarandi heimildir skráðar: Hvaða dag og hvenær dags beiðni er móttækin og nafn, kennitala og heimilisfang hjá bæði gerðarþola, gerðarbeiðanda og umboðsmanns hans. Auk þess þarf að koma fram hvaða gerðar er krafist, hver framkvæmir gerð og hvenær og hvernig gerð lýkur.

²¹ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, 145.

²² Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 83-84.

Beiðnin skal auk þess vera skrifleg, eins og áður kom fram. Í henni skal koma skýrt fram heimildir um aðila að gerðinni, við hvaða athöfn lögbannið beinist gegn og rökstuðningur gerðarbeiðanda fyrir því að hann telji skilyrðum um lögbann uppfyllt sbr. 24. gr. KSL., ásamt þeim gögnum sem gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á.

Sýslumaður þarf auk þess að tryggja að beiðnin um lögbann standist þau formskilyrði sem ætlast er til og ber rétt til að synja beiðninni ef gögn gerðarbeiðanda standast þau ekki. Þessi formskilyrði lúta þá þeim reglum sem almennt lúta að lögbanni, að fylgigögn séu ófullkomin eða að sönnunargögn vanti til þess að staðfesta lögmæta kröfu gerðarbeiðanda.²³

3.4. Varnarþing

Um varnarþing er fjallað í 26. gr. KSL en það skal vera í því umdæmi sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing eða í því varnarþingi þar sem athöfn fer eða mun fara fram. Með þessum orðum er í raun brotið á þeirri óskráðu meginreglu að sýslumenn fari ekki út fyrir þau landfræðilegu mörk sem þeim er sett með lögum, þegar tilgreint er annað varnarþing en það stjórnarsýsluumdæmi sem sýslumaður hefur aðsetur. Við fullnustugerðir gildir einnig sú meginregla að sýslumenn skorti vald til þess að framkvæma formlegar athafnir utan síns umdæmis en frá henni eru einnig undantekningar. Þessar undantekningar eru tilgreindar í lögum um aðför nr. 90/1989 hér eftir AFL og gilda þær reglur einnig um bráðabirgðagerðir. Í 1. mgr. 35. gr. AFL eru sett tvö skilyrði fyrir því að sýslumaður hlýti ósk gerðarbeiðanda um að ganga út fyrir umdæmismörk sín til þess að framkvæma gerð. Annars vegar að framkvæmdin feli ekki í sér teljandi kostnaðarauka og hins vegar að slík framkvæmd þurfi að vera talin nauðsynleg í ljósi aðstæðna.

Ef formlegar aðgerðir sýslumanns við framkvæmd fullnustugerða fara fram utan hans umdæmis, án þess að við því hvíli lagastoð, má fara fram á ógildingu gerðar í heild eða að

²³ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 145.

hluta að því leiti sem gerðin var framkvæmd utan umdæmis. Við lögbann myndi þetta koma til álita í staðfestingarmáli.²⁴

3.5. Ákvörðun sýslumanns um hvort lögbann fer fram eða ekki

Sýslumaður tekur ákvörðun sína byggða á sambærilegan hátt og kveðið er á um kyrrsetningu í 8. gr. KSL, sbr. 3. mgr. 26. gr. KSL. Hann kannar þá hvort beiðnin sé lögmæt og hvort hún komi fram í réttu umdæmi. Ef þessar kröfur standast getur sýslumaður ekki synjað lögbanni af sjálfsdáðum, nema að hann telji bersýnilega að skilyrðum um lögbann sé ekki fullnægt sbr. 24. gr. KSL. Með „bersýnilegt“, í 8. gr. KSL. er átt við að gerðarbeiðandi fái að njóta vafans ef svo ber undir, þegar sýslumaður getur ekki með fullvissu tekið ákvörðun um hvort skilyrðin sem talin voru upp hér að ofan hafa verið uppfyllt. Ef svo er ekki ber sýslumanni ekki að synja gerðinni heldur að taka hana til meðferðar. Sýslumaður tekur ákvörðun að skilyrðum uppfylltum en nái lögbann fram að ganga er sýslumaður ekki bundinn þeirri ákvörðun ef gild mótmæli koma fram á seinni stigum.²⁵

Ef sýslumaður ákveður að lögbannsbeiðni uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru þarf hann að endursenda lögbannsbeiðnina ásamt fylgigögnum til gerðarbeiðanda og rökstyðja ákvörðun sína.

Ef lögbannsbeiðnin uppfyllir þær kröfur sem slík beiðni þarf að standast krefur sýslumaður gerðarbeiðanda um tryggingu til bráðabirgða eftir að honum hefur borist beiðnin. Sameiginlega með tryggingu við kyrrsetningu þarf upphæð tryggingar við lögbanni að vera eins há og endanleg fjárhæð verður metin. Ólíkt kyrrsetningu er nánast ómögulegt að meta hvert endanlegt tjón gerðarþola verður, því ekki er hægt að ákvarða allar mögulegar afleiðingar sem lögbann getur haft í för með sér og þarf því líklega að endurmeta þá upphæð síðar meir. Í kafla 3.6. verður nánar vikið að tryggingu gerðarbeiðanda.

²⁴ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 97-99.

²⁵ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 155-156.

Því næst boðar sýslumaður aðila að gerðinni og á það jafnt við kyrrsetningu og lögbann, það er að segja að báðar gerðir lúta sömu reglum og við aðför, eða 20. – 24. gr. og 35. gr. í AFL. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. má boða aðila á skrifstofu sýslumanns en jafnframt er hægt að byrja lögbannsgerð á þeim stað er athöfnin fer fram sem lögbannið beinist gegn. Báðir möguleikar eru tilgreindir þar sem staðurinn sem aðilar eru boðnir að er bundin hverju tilviki sem um ræðir hverju sinni. Ef nauðsynlegt þykir að stöðva athöfn með skjótum aðgerðum má hefja gerðina án þess að boða gerðarþola að henni eða ef hætta er á að gerðarþoli fremji brot áður en fyrirtakan verður sé hann boðaður. Ef leggja á lögbann við ástand sem er þegar byrjað og hefur staðið yfir í ákveðinn tíma þarf ekki að flýta fyrir aðgerðum. Við þær aðstæður er hægt að boða aðila á skrifstofu sýslumanns.

Hvernig sem málum er háttað ber sýslumanni að kynna gerðarþola fyrir kröfu gerðarbeiðanda, rökstuðningi hans fyrir gerðinni og jafnframt að leiðbeina gerðarþola hvað hægt er að gera til að afstýra lögbanninu. Gerðarþoli getur þá afstýrt lögbanni með því að stöðva tiltekið ástand sem lögbannið snýr að en hann getur einnig sett fram tryggingu. Við slíka tryggingu gerðarþola eru sett fram skilyrði sem farið verður nánar yfir í kafla 3.6. Þá er gerðarþola gefinn kostur á að koma á framfæri rökstuðningi ef hann telur einhverju áfátt við kröfu gerðarbeiðanda og sýslumaður gefur honum kost á að koma fram mótmælum gegn kröfunni.

Mótmæli gerðarþola verða að öllum líkindum ekki til þess að gerðin stöðvist en mótmæli við lögbann lýtur sömu reglum og sett eru í 13. og 14. gr. KSL um kyrrsetningu. Þó getur komið upp sú staða að mótmæli gerðarþola stöðvi gerð, telji gerðarþoli að gerðarbeiðandi eigi ekki þann lögvarna rétt sem hann byggir lögbannið á eða ef hann telur að kröfur gerðarbeiðanda uppfylli ekki skilyrði lögbanns. Við þær aðstæður er það í höndum gerðarbeiðanda að færa sönnur gegn ásökunum gerðarþola. Ef annar en gerðarþoli telur sig eiga aðild að gerðinni eða að á lögvörðum hagsmunum hans verði brotið með henni hefur hann sama rétt og gerðarþoli um mótmæli sbr. þá 3. mgr. 29. gr. KSL.

Gerðarþoli getur einnig átt rétt til þess að fresta gerðinni. Sá frestur verður þá aðeins til þess að gefa gerðarþola tækifæri til þess að afla gagna sem staðfesta réttlæt mótmæli gegn gerðinni eða til þess að verða sér um tryggingu sem nær að afstýra henni.²⁶

3.6. Trygging gerðarbeiðanda og gerðarþola

Eins og fram kom hér að framan er eitt af skilyrðum lögbanns, nánar tiltekið 2. tl. 3. mgr. 24. gr. KSL, að hagsmunir gerðarþola mega ekki vera meiri við það að athöfn fari fram en hagsmunir gerðarbeiðanda við það að fyrirbyggja hana. Þessi undantekning er jafnframt sú eina sem veitir gerðarþola þá lausn að afstýra lögbanni með tryggingu. Þá er þessi undantekning að hluta tengd vilja gerðarbeiðenda þar sem það er í hans höndum að samþykkja tryggingu sem gerðarþoli leggur til. Gerðarbeiðandi getur því samþykkt tryggingu og við það lýkur gerðinni. Ef ekki næst samþykki þarf sýslumaður að ákvarða hvort skilyrði séu uppfyllt þannig að gerðarbeiðandi fái að fara þessa leið.

Trygging gerðarbeiðanda er ákveðin þegar ljóst er að lögbann verður sett á en tryggingin er byggð á málskostnaði við staðfestingarmál. Þó má líka vera að trygging verði töluvert lægri en það og jafnvel engin ef skilyrði 2., 3., eða 5. tl. 3. mgr. 16. gr. KSL eru uppfyllt. Ef gerðarþoli afsalar sér tryggingu fyrir sýslumanni, ef gerðarþoli viðurkennir réttmæti kröfunnar fyrir sýslumanni eða dómi og skilyrði eru fyrir lögbanni eða að sýslumaður metur svo að krafa gerðarbeiðanda og gerðin séu réttmæt í ljósi aðstæðna. Þegar fjárhæð tryggingar gerðarbeiðanda er metin er þó tekið mið af því tapi sem gerðarþoli getur orðið fyrir, þá beint eða afleitt tjón og miski. En fyrir þessu eru engar fyrirfram ákveðnar upphæðir og getur því reynst erfitt að meta tapið þar sem upplýsingar um það fást nánast einungis staðfestar frá gerðarþola. Sýslumaður þarf því að meta staðhæfingar gerðarþola um slík mál, nema gerðarbeiðandi samþykki upphæðina.

Gerðarbeiðandi verður einnig krafinn um sérstaka tryggingu ef gerðarþoli verður sviptur munum sbr. 25. gr.²⁷

²⁶ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 199-201.

²⁷ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 201-202.

4. Réttaráhrif lögbanns

Þegar sýslumaður kemst að þeirri niðurstöðu að öll skilyrði fyrir lögbann séu fyrir hendi, meðal annars að lögbannsbeiðni sé í lögmaeltu formi og í réttu varnarþingi, lögbannsbeiðnin uppfylli kröfur sem settar eru í 24. gr. KSL og gerðarbeiðandi hafi sett tryggingu, er lögbannsgerðinni lokið. Sýslumaður bókar þá um allt sem fram fór í gerðarbók, þar á meðal við hvaða athöfn lögbannið er lagt, eins skýrt og hægt er sbr. 1. mgr. 31. gr. KSL. Sýslumaður þarf því næst að leiðbeina gerðarþola um þau réttaráhrif sem lögbannið tekur til eða, eftir atvikum, senda honum tilkynningu hafi hann ekki verið viðstaddur lögbannið og vitað er um dvalarstað viðkomandi.²⁸

Samkvæmt 32. gr. KSL er sýslumanni skylt að gera ráðstafanir til þess að halda uppi lögbanni eftir kröfu gerðarbeiðanda. Einnig er tekið skýrt fram hvernig honum beri að verða við kröfunni en sýslumaður fær til þess aðstoð lögreglu sem ber að veita honum aðstoð eftir ákvörðun hans. Þá er einnig að finna refsíákvæði í lagagreininni, brjóti gerðarþoli eða þriðji aðili, hvort sem er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, lögbannið sem sett hefur verið. Til þess að lögbannið nái fram að ganga getur sýslumaður og lögregla auk þess beitt svipuðum aðgerðum og getið er í 25. gr. KSL eða fjarlægt úr höndum gerðarþola það sem hann notar við að brjóta lögbannið.²⁹

Aðilar máls geta sóst eftir því að lögbannsgerð sæti endurupptöku en til þess eru töluvert færri heimildir en fyrir því að fá endurupptöku í kyrrsetningarmáli. Í 2. mgr. 31. gr. KSL er fjallað um endurupptöku lögbannsgerða en þar er vísað til nánartilgreindra ákvæða í 22. gr. KSL sem eru eftirfarandi:

- Ef málsaðilar eru sammála um endurupptöku eða til skila á tryggingu, sbr. 1. mgr. 22. gr. KSL.
- Ef gerðarbeiðandi vill að einhverju leyti eða öllu falla frá réttindum sínum skv. gerðinni, sbr. 2. tl. 2. mgr. 22. gr. KSL.
- Ef gerðarbeiðandi þarf að setja tryggingu til að fá gerð, sem þegar hefur farið fram, fellda niður að einhverju leyti eða öllu, sbr. 2. tl. 3. mgr. 22. gr. KSL.

²⁸ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 207 og Alþt. A-deild, bls. 1719 og 1722.

²⁹ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 207-208.

- Ef krafa gerðarbeiðanda er fallin niður, gerðarþoli hefur verið sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda eða staðfestingarmál hefur ekki verið höfðað innan frests, sbr. 3. tl. 3. mgr. 22. gr. KSL.
- Ef gerðarbeiðandi heldur ekki fram dómsmáli til staðfestingar á gerðinni með eðlilegum hraða, sbr. 4. tl. 3. mgr. 22. gr. KSL
- Ef þriðji aðili sem telur gerðina brjóta í bága við rétt sinn og hann hefur ekki átt þess kost að koma fram mótmælum gegn henni á meðan gerðinni stóð, sbr. 4. mgr. 22. gr. KSL.

Gerðarbeiðandi getur ekki sótt um endurupptöku sökum þess að hann vill reyna á ákvæði 25. gr. KSL um að fjarlægja muni úr höndum gerðarþola. Hann þarf því að treysta á sýslumann sem hefur heimildir til þess eftir að lögbann hefur verið staðfest eins og fram kom hér að ofan. Um framkvæmd endurupptökubeiðni fer eftir reglum sem almennt gilda um framkvæmd gerðar, sbr. 5. mgr. 22. gr. KSL.³⁰

³⁰ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 208. og Alþt. A deild, bls 1723.

5. Aðkoma dómstóla að lögbanni

Eins og fram hefur komið eru það sýslumenn sem framkvæma lögbann. Ef gerðin á að halda gildi sínu til lengri tíma þarf þó að fá niðurstöðu dómstóla til staðfestingar á henni.³¹ Á þessu er vitaskuld undantekning, eins og vikið hefur verið að hér að framan, og aðilar máls hafa auk þess aðrar heimildir til þess að bera mál undir dómstóla samkvæmt KSL.

Nánar verður vikið að þessum atriðum hér að neðan.

5.1. Ágreiningur borinn undir dómstóla

Samkvæmt V. kafla KSL geta bæði gerðarþoli og gerðarbeiðandi borið ágreining um lögbann undir dómstóla, bæði eftir að lögbanni lýkur og þegar lögbann er enn í gildi. Að bera ágreining undir dómstóla þegar lögbanni er ólokið er háð vissum skilyrðum sem þarf að uppfylla. Þegar svo fer stöðvast aðgerðir sýslumanns tímabundið þar til dómur er genginn um þann ágreining sem aðilar deila um.³² Við ákvæði V. kafla KSL gildir einnig að réttur gerðarbeiðanda sé töluvert sterkari en réttur gerðarþola og þriðja aðila hvað þetta varðar. Þetta er til þess að fari gerðarbeiðandi fram á að bera ágreining undir dómstóla er hann að stöðva gerðina tímabundið og eðli málsins samkvæmt gætu tafir spillt fyrir hagsmunum hans. Allar tafir á gerðinni hafa því beinar afleiðingar fyrir gerðarbeiðanda sjálfan þar sem það er hann sem fer fram á lögbann. Hefði gerðarþoli þennan sama rétt væri honum í raun tryggður réttur til þess að spilla fyrir hagsmunum gerðarbeiðanda með því einungis að sækjast eftir að ágreiningur yrði borin undir dómstóla. Þetta kann að hljóma líkt og það halli undan gerðarþola, en lögum samkvæmt er talið að réttur hans sé tryggður með því að sýslumaður, eða löglærður fulltrúi hans, taki ákvarðanir um álitamál sem gætu komið upp við gerðina. Þar að auki ber gerðarbeiðandi ríka skaðabótaábyrgð á réttmæti lögbanns og gerðarþoli getur komið fram vörnum þegar staðfestingarmál er höfðað.³³

³¹ Eiríkur Tómasson: „Réttarfar“. Í ritinu *Um lög og rétt – helstu greinar íslenskrar lögfræði*, bls. 180-181.

³² Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 99.

³³ Alþt. 1989-1990. Bls. 1740.

5.2. Þegar lögbanni er ólokið

Heimildir gerðarbeiðanda til þess að bera ágreining undir héraðsdóm þegar lögbanni er ólokið eru þær að sýslumaður synjar beiðni um að setja á lögbann, ákvarðanir hans sem leiða til þess að lögbann stöðvast eða ef sýslumaður synjar endurupptöku á lögbanni sbr. 1. mgr. 33. gr. KSL. Til þess að krafa gerðarbeiðanda um að bera ágreining undir héraðsdóm teljist réttmæt þarf hann að tilkynna sýslumanni um það innan við viku frá því að honum varð ljóst um ákvörðun sýslumanns. Gerðarbeiðandi hefur einnig rétt til þess að bera aðrar ákvarðanir sem sýslumaður tekur um framkvæmd, undirbúning eða endurupptöku gerðar undir héraðsdóm sbr. 2. mgr. 33. gr. KSL. Heimild til þess er bundin því skilyrði að gerðarbeiðandi tilkynni sýslumanni slíkt um leið og hann tekur ákvörðun um tilgreint atriði og lengra er haldið. Þegar þessi heimild er nýtt stöðvast gerðin að því leiti sem hún hefur áhrif á áframhald hennar og er því ljóst að gerðarbeiðandi þarf að taka upplýsta ákvörðun um hvort það henti honum betur að stöðva gerðina og fá ákvarðanir sýslumanns bornar undir héraðsdóm eða hvort hagsmuna hans verði betur varið með því að halda gerðinni áfram.

Um báðar heimildir gerðarbeiðanda til þess að bera ákvarðanir sýslumanns undir héraðsdóm á meðan gerð er ólokið gildir að gerðarbeiðandi getur glatað þeim rétti ef hann sinnir ekki skilyrðum um viku frest í 1. mgr. 33. gr. KSL og ef hann tilkynnir sýslumanni ekki um ákvörðun sína við aðrar ákvarðanir við 2. mgr. 33. gr. KSL. Auk þess tapar gerðarbeiðandi rétti sínum til að bera aðrar ákvarðanir undir héraðsdómstól skv. 2. mgr. 33. gr. á seinni stigum málsins þar sem ekki verður breytt einstökum framkvæmdum sýslumanns í héraðsdómi.³⁴

Um heimildir gerðarþola og þriðja aðila til þess að bera ágreining um gerð sem er ólokið er að finna í 34. gr. KSL og eru þær eins og fram hefur komið mjög takmarkaðar. Gerðarbeiðandi þarf þá að samþykkja að kröfur gerðarþola verði bornar upp fyrir héraðsdómstól sbr. 1 mgr. 34. gr. KSL en þá þurfa kröfur aðila að varða sömu ákvörðun sýslumanns. Gerðarþoli getur einnig komið sínum kröfum að ef gerðarbeiðandi ákveður

³⁴ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 209-211.

að nýta heimild sína um ákvarðanir sýslumanns sbr. 2. mgr. 33. gr. KSL og gildir um þá heimild sömu tímamörk og gefin eru gerðarbeiðanda. Ef ágreiningur varðar endurupptöku hefur gerðarþoli heimild til þess að vísa höfnun sýslumanns um hana til dóms en um það gilda ákvæði 2. mgr. 22. KSL. og þarf hann jafnframt að tilkynna sýslumanni um það innan við viku frá því að synjun barst honum.

Um þriðja aðila gilda sömu reglur og gerðarþola í sömu aðstöðu sbr. 3. mgr. 34. gr. KSL og eru þær reglur byggðar á líkum sjónarmiðum um þriðja aðila í 85. gr. AFL til að bera ákvarðanir um framkvæmd aðfaragerðar undir héraðsdóm.³⁵

5.3. Þegar lögbanni er lokið

Ef ágreiningur varðar endurupptöku geta aðilar máls borið mál undir dóm eftir að gerðinni líkur en það er háð vissum skilyrðum. Gerðarbeiðandi þarf að uppfylla skilyrði sem tiltekin eru í 2. mgr. 22. gr. KSL um endurupptöku og gerðarþoli þarf að uppfylla skilyrði tiltekin í 3. mgr. sömu greinar, eins og vikið var að í fjórða kafla um réttaráhrif lögbanns. Í því máli gefst aðilum tækifæri á að bera fyrri ákvarðanir sýslumanns undir dóm eftir að gerð er lokið. Um þessa heimild gildir ef gerðarbeiðandi vill bera ágreining undir dóm sbr. 2. mgr. 33. gr. KSL um ákveðnar ákvarðanir sýslumanns og gerðarþoli hefur einnig heimild til þess, þó með samþykki gerðarbeiðanda eftir 1. mgr. 34. gr. KSL.

Að öðru verður ágreiningur um framkvæmd lögbanns, sem ekki var borinn undir dómstól á meðan gerðinni stóð, ekki borinn undir héraðsdóm að gerðinni lokinni. Þetta er sökum þess að slíkur ágreiningur kemur að öllum líkindum til úrlausnar héraðsdóms í staðfestingarmáli og því óþarfi að hafa um þann ágreining með sérstökum heimildum.³⁶

5.4. Staðfestingarmál

Eins og fyrr segir þarf almennt að höfða staðfestingarmál að lögbanni loknu. Staðfestingarmál lúta reglum VI. kafla KSL og er þeim meðal annars ætlað að skera úr

³⁵ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 211 og Alþt. 1989-1990. bls. 1740.

³⁶ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 212.

hvort skilyrði lögbanns voru uppfyllt og hvort framkvæmd á gerðinni hafi farið rétt fram. Þá fyrst, ef ekki var mögulegt að nýta heimild veitta með 1. mgr. 34. gr. KSL, fær gerðarþoli að koma mótmælum sínum á framfæri varðandi framkvæmd sýslumanns á gerðinni og ef hann er ósammála því að skilyrði fyrir lögbanni hafði verið til staðar. Þessi meginregla er vissulega undantekningum háð og hún háð ákveðnum skilyrðum. Undanþága var veitt með lögfestingu á KSL að ekki þyrfti að höfða staðfestingarmál ef gerðarþoli gefur yfirlýsingu um að hann muni una við gerðina án málshöfðunar. Þetta má þó ekki gerast eftir að gerð er lokið og þarf sýslumaður því að bóka um þá yfirlýsingu gerðarþola við gerðina. Þá er einnig hægt að ljúka dómsmáli með réttarsátt sem þá staðfestir eða fellir úr gildi lögbannið skv. 3. mgr. 41. gr. KSL.

Með eldri lögum um kyrrsetningu og lögbann gat gerðarbeiðandi höfðað mál til staðfestingar á tvenna vegu. Annað hvort með réttarstefnu útgefinni af héraðsdómara eða með utanréttarstefnu gefinni út af gerðarbeiðanda eða umboðsmanni hans. Þessu var breytt með KSL til þess að máli yrði haldið fram með eðlilegum hraða og var ákveðið að einungis væri hægt að höfða mál með réttarstefnu til þess að gefa héraðsdómara vald á um lengd stefnufrests sem var í raun í höndum gerðarbeiðanda þegar hún var gefin út með utanréttarstefnu. Upphaf frests til þess að fá réttarstefnu fyrir staðfestingarmál miðast því við að gerð sé lokið, hvort sem hér er átt við að sýslumaður bókar um lok hennar í gerðarbók eða þegar hann tekur við tryggingu eða skilríkjum fyrir henni til þess að afstýra gerðinni frá gerðarþola sbr. 38. gr. KSL. Á þessu er að vísu undantekning og snýr hún að því ef mál er höfðað um kröfur erlendis þá er frestur þrjár vikur þar sem einnar viku frestur er ekki talin nægjanlegur í því tilfalli.

Áður en mál til staðfestingar er höfðað þarf ávallt að hafa gengið dómur um kröfu gerðarbeiðanda ef mál um kröfuna fer ekki fram samhliða staðfestingarmáli eða ef ekki er þegar búið að dæma í eða höfða mál um kröfuna. Í því máli verður leyst úr hvort efnisleg réttindi hafi verið fyrir kröfu gerðarbeiðanda, varðandi lögbann er hér t.d. átt við hvort hann hafi í raun lögvarða hagsmuni að húfi. Þá verður einnig leyst úr hvort skilyrði lögbanns voru til staðar þar sem aðgerðir sýslumanns eru skoðaðar bæði er varðar ákvarðanir hans og framkvæmd á gerð.

Mál um kröfu má höfða í einu lagi með staðfestingarmáli en þegar mál hefur verið höfðað en því ekki lokið má sameina þau og verður þá staðfestingarmálið höfðað með framhaldssök í aðalmáli. Því þarf að fara fram endurupptaka á málum sem hafa þegar verið flutt og dómtekin án þess þó að flutningur málsins fari fram aftur í heild sinni. Þegar mál um kröfu er áfrýjað til æðra dómstigs hefur héraðsdómari heimild til þess að fresta staðfestingarmáli þar til úrlausn fæst en er jafnframt ekki bundinn til þess. Þegar málum er ekki áfrýjað gildir sú regla að höfða þurfi sjálfstætt mál til staðfestingar á lögbanni.³⁷ Algengast er að mál til staðfestingar á kyrrsetningu og lögbanni séu samhliða dómi um þau réttindi sem gerðinni var ætlað að tryggja.³⁸

Um varnarþing gildir sú regla að hafi mál ekki fallið um kröfuna má gerðarbeiðandi velja um hvort hann höfði mál í því varnarþingi þar sem gerðinni var lokið eða samkvæmt hinni almennu reglu um heimilisvarnarþing. Hafi mál fallið um kröfu er gerðarbeiðandi bundinn því varnarþingi þegar kemur að staðfestingarmáli.

Þegar mál um kröfu gerðarbeiðanda fara fram erlendis gilda sérreglur um staðfestingarmál og varnarþing. Við þær aðstæður skal héraðsdómari fresta staðfestingarmáli þar til niðurstaða fæst í málinu erlendis og er varnarþing auk þess bundið við það umdæmi sem gerðinni var lokið í. Þrátt fyrir að mál um kröfu megi höfða erlendis, ber að nefna að staðfestingarmál verða að fara fram hér á landi.

Um málsmeðferð staðfestingarmála gilda almennar reglur einkamála en þetta er vitaskuld ekki undantekningalaust rétt eins og áður var nefnt um sérreglu varðandi heimildir dómara til þess að fresta staðfestingarmáli bæði þar til niðurstaða æðri dómstiga fæst í máli um kröfu og þegar beðið er eftir niðurstöðu frá dómi erlendis. Um milligöngu þriðja aðila gilda einnig þær sérreglur að hann getur fengið aðgengi að staðfestingarmáli þrátt fyrir að eiga aðrar kröfur að máli en þær sem gerðarþoli hefur. Þá er gerðarbeiðanda einnig tryggt að koma kröfum sínum að um atriði er varða framkvæmd lögbanns í staðfestingarmáli, þrátt fyrir að hafa ekki stuðst við þær heimildir sem í boði eru til þess að koma þeim að fyrr. Hafi hann þó komið kröfum sínum að fyrr eftir þeim

³⁷ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 213-217 og Alþt. 1989-1990. Bls. 1741-1743.

³⁸ Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*, bls. 32.

heimildum sem getið er í V. kafla KSL, takmarkar það rétt hans til þess að nýta heimildir sem tryggðar eru honum í kafla VI. um staðfestingarmál. Héraðsdómari hefur einnig heimild til þess að skipta sakarefni staðfestingarmáls að beiðni gerðarþola til þess að flýta fyrir meðferð máls. Í slíkum tilfellum verður fyrst leyst úr þeim atriðum er varða skilyrði eða framkvæmd lögbannsgerðar. Þessu er ætlað að stytta ástand sem bráðabirgðagerð hefur í för með sér þegar mótmæli gerðarþola nægja til þess fá lögbann fellt niður.

Ef niðurstaða dómstóla er sú að mótmæli gerðarþola eigi rétt á sér verður lögbannið fellt úr gildi og á því er mjög takmörkuð máламиðlun hvort gerð verði ekki annað hvort staðfest eða felld úr gildi, en við vissar aðstæður má fella gerð úr gildi að hluta en ekki að öllu leyti.³⁹

³⁹ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 213-217 og Alþt. 1989-1990. Bls. 1741-1743.

6. Skilyrði lögbanns í dómaframkvæmd

Í þessum hluta verður vikið að niðurstöðum dómstóla um nokkur þau grundvallaratriði er varða lögbann. Fyrst verða skoðaðir dómar þar sem afstaða var tekin um hvað þótti teljast byrjuð eða yfirvofandi athöfn. Þá verða skoðaðir dómar þar sem gert var grein fyrir hvað telst til lögvarðra hagsmuna gerðarbeiðanda. Að lokum verða skoðaðir dómar þar sem reynt var á sönnunarbyrði fyrir dómstólum.

6.1. Athafnir þurfa að vera byrjaðar eða yfirvofandi

Eins og áður kom fram verður lögbann aðeins lagt við athöfn sem er byrjuð eða yfirvofandi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. KSL. Við fyrstu sýn mætti telja augljóst við hvaða aðstæður lögbannsbeiðni myndi fram að ganga en það þarf ekki alltaf að vera raunin.⁴⁰

Í dómi Landsréttar frá 3. apríl 2019 í máli nr. 193/2019 var fjallað um það hvað teldist sem byrjuð eða yfirvofandi athöfn. Þar kærðu sóknaraðilar niðurstöðu héraðsdóms, þar sem hafnað var að fella úr gildi ákvörðun sýslumanns um að hafna kröfu þeirra um að leggja fyrir lögbann við því að varnaraðili gæti nýtt land í eigu sóknaraðila undir skipulagðar hjóltreifaferðir fyrir ferðamenn. Búið var að stöðva umræddar hjóltreifaferðir varnaraðila eða þær höfðu hvorki verið auglýstar né til sölu í nokkurn tíma áður en málarferli byrjuðu, en niðurstaða héraðsdóms var byggð á skort á lögvörðum hagsmunum sóknaraðila, þar sem ekki var hægt að staðfesta hvort ferðirnar myndu byrja aftur og var tekið fram í dómnum:

„þá hefur lögmaður varnaraðila ítrekað aðspurður ekki getað staðfest að svo verði ekki, en afar einfalt er fyrir varnaraðila að bæta reiðhjólum við í ferðir sínar og lýsingar á þeim. Verður því ekki fallist á að hafna beri lögbanni á þeim forsendum að hin umþrætta athöfn sé hvorki byrjuð né yfirvofandi, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990“

⁴⁰ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 187.

Þegar í Landsrétt var komið lýsti varnaraðili því yfir í greinagerð sinni að engin ákvörðun lægi fyrir að byrja ferðirnar að nýju. Af þeim sökum staðfesti Landsréttur hin kærða úrskurð á þeim forsendum að athöfn væri hvorki byrjuð né yfirvofandi.

Í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 28. október 2021 í máli K-1991/2021 var einnig fjallað um hvað teldist sem byrjuð eða yfirvofandi athöfn. Þar krafðist sóknaraðili ógildinguna á ákvörðun sýslumanns um að fallast ekki á kröfu hans um lögbann gegn því að varnaraðilar gætu sótt starfsstöð sóknaraðila. Sóknaraðili sakaði þá varnaraðila, sem var hluthafi í fyrirtæki sóknaraðila, um að hafa ítrekað sótt starfsstöðvar sóknaraðila og viðhaft háttsemi sem væri skaðleg starfsstöð, viðskipta- og starfsmönnum sóknaraðila og væri því til þess fallin að skaða starfsemi hans. Til rökstuðnings lét sóknaraðili fylgja með máli sínu kvartanir meðal annars frá starfsmönnum sínum og upptökur af áreitni varnaraðila við starfsfólk og tilraunir varnaraðila við að fara í leyfisleysi inn á skrifstofur framkvæmdastjóra. Varnaraðilar töldu að umrædd tilfelli hefðu hvorki brotið, né muni brjóta, gegn lögvörðum rétti sóknaraðila og jafnframt að þau tilfelli sem um ræddi væru bæði liðin undir lok og sönnuðu hvorki yfirvofandi né byrjaða athöfn. Í forsendum dómsins var meðal annars fjallað um þær lagabreytingar sem urðu með lögum nr. 31/1990 og að sönnunarbyrði væri nú í höndum gerðarbeiðanda til þess að sanna, eða gera sennilegt, að athöfn gerðarpóla brjóti gegn rétti hans. Dómurinn tók það jafnframt fram að ekki væri nægilegt að athöfn sú sem banna ætti myndi hugsanlega brjóta á gerðarbeiðanda síðar. Í forsendum dómsins var tekið fram að sóknaraðili hafði nægjanlega sýnt fram á að háttsemi sem varnaraðilar höfðu haft uppi væri til þess fallin að áreita starfsmenn sóknaraðila og myndi jafnvel rýra ásýnd rekstrar hans að því leiti sem viðskiptavinir verða vitni af þeirri háttsemi ef sannast, en þrátt fyrir það var talið:

„[hafi] sóknaraðili ekki sýnt fram á, svo sannað sé, að varnaraðilar muni halda uppteknum hætti og með því brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að varnaraðilar hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindisóknaraðila muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að biða dóms um þau“

Ákvörðun sýslumanns um að fallast ekki á kröfu sóknaraðila um lögbann var því staðfest. Landsréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms í *dómi Landsréttar frá 15. desember 2021 í máli nr. 690/2021*, á sömu forsendum og taldi þá að þótt fallist yrði á með sóknaraðila að háttsemi varnaraðila hefði verið til þess fallin að brjóta gegn lögvörðum rétti hans yrði það ekki talið sönnun þess að frekari og ófyrirséðar komur varnaraðila muni eiga sér stað og hafa sömu afleiðingar í för með sér í.

Þá var athöfn talin yfirvofandi athöfn í merkingu 1. mgr. 24. gr. KSL, í *dómi Hæstaréttar frá 12. júní 2009 í máli nr. 174/2009*. Héraðsdómur hafði þá fyrir það staðfest ákvörðun sýslumanns um að lögbannsbeiðni sóknaraðila næði ekki fram að ganga. Sóknaraðili hafði í því máli gert kaupsamning við danskt fyrirtæki um kaup á íbúðum. Fyrir kaupin höfðu sóknaraðilar fengið lán frá banka, sem var varnaraðili í málinu, til þess að greiða tryggingu fyrir kaupunum. Þegar ljóst var að umræddar íbúðir yrðu ekki tilbúnar fyrir afhendingardag höfðu sóknaraðilar rift kaupsamningnum og vildu því ekki að danska fyrirtækið gæti sótt trygginguna frá varnaraðila. Þá hafði borist krafa til varnaraðila um að fá trygginguna en ekki var komin niðurstaða um hvort varnaraðili skyldi greiða hana út. Við þá athöfn hafði sýslumaður hafnað kröfu sóknaraðila um að setja lögbann gegn greiðslu tryggingar frá varnaraðila og héraðsdómur staðfest þá ákvörðun. Þá hafði niðurstaða héraðsdóms er varðar athöfnina verið sú að:

„Þar sem ekki þykir liggja fyrir í málinu að varnaraðili hafi tekið afstöðu til þess hvort honum beri að greiða umkrafiðar bankaábyrgðir er það mat dómsins að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að varnaraðili hafi hafist handa eða muni hefjast handa við athöfn sem gæti valdið sóknaraðila tjóni.“

Hæstiréttur var ekki á sama máli og komst að þeirri niðurstöðu að athöfnin teldist yfirvofandi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. KSL. Í forsendum dómsins kom meðal annars fram að varnaraðili hafði fengið kröfu um greiðslu frá danska fyrirtækinu og að viðbrögð varnaraðila væru ekki skýr um hvort þeir skyldu verða við greiðslu eða synja henni. Þá var einnig talið að staða réttthafa væri sterk og að rík skylda banka til athafna verði til þess að fallist verður á með sóknaraðilum að greiðslan frá varnaraðila teljist vera yfirvofandi. Í dómnum var einnig tekið fram að seljandi var að verða gjaldþrota. Sökum þess myndi

greiðsla varnaraðila til seljanda hafa veruleg áhrif á hag sóknaraðila og að lögmæt endurkrafa þeirra myndi glatast í gjaldþrotameðferð.

Hæstiréttur felldi úrskurð héraðsdóms úr gildi og lagði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja fram lögbann við því að varnaraðili skildi greiða danska fyrirtækinu þær bankaábyrgðir sem settar voru á af sóknaraðilum.

6.2. Krafa þarf að varða lögvarinn rétt.

Hér er átt við það skilyrði að lögbann verður einungis lagt við athöfn sem brýtur gegn lögvörðum rétti þess sem sækist eftir því. Regluna ber að skýra eftir almennum sjónarmiðum réttarfars um lögvarða hagsmuni.⁴¹ Þá er jafnframt megin skilyrði til þess að fá dóm um sakarefni í einkamálarétti að aðeins verður leyst úr því sem hefur gildi fyrir stefnanda.⁴²

Þurfti að taka afstöðu til þess í dómi *Landsréttar frá 7. maí 2021 í máli nr. 177/2021* þar sem kærður var úrskurður héraðsdóms sem staðfesti ákvörðun sýslumanns um að synja kröfu sóknaraðila þess efnis að lögbann yrði sett á verkfallsaðgerðir varnaraðila. Lögbannið átti þá að girða fyrir aðgerðir varnaraðila um að stöðva atvinnurekstur sóknaraðila með verkfallsaðgerðum sem sóknaraðili taldi brjóta gegn rétti sínum.

Málavextir voru þeir að varnaraðilar voru stéttarfélag sem höfðu haft kjarasamning við sóknaraðila sem hafði runnið út á gildistíma. Ekki gekk að endurnýja samninginn og í kjölfarið hafði sóknaraðili sagt upp öllum fastráðnu starfsmönnum stéttarfélagsins sem unnu hjá honum og ráðið verktaka sem voru ekki aðilar að stéttarfélaginu til þess að halda áfram störfum. Þessu var mótmælt af varnaraðilum sem stöðvuðu atvinnurekstur sóknaraðila í mótmælaskyni. Rök varnaraðila var sú að ákvæði í kjarasamningi, sem sóknaraðili vildi fjarlægja þrátt fyrir mótmæli varnaraðila, hefðu tekið fyrir að svona mætti fara að. Dómurinn taldi meðal annars að samkvæmt íslenskum vinnumarkaðsrétti gilda

⁴¹ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 189.

⁴² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*. Reykjavík 2019, bls. 119.

ákvæði kjarasamnings þrátt fyrir að hann sé runninn úr gildi hafi nýr kjarasamningur ekki verið samþykktur. Jafnframt taldi dómur að réttur stéttarfélags til þess að mótmæla hefði áhrif á alla aðra launþega úr sömu stétt þótt þeir væru ekki meðlimir að stéttarfélaginu og því um löglegar verkfallsaðgerðir að ræða. Að framangreindu og með hliðsjón af öðru taldi dómurinn að sóknaraðili hafði því ekki sannað eða gert sennilegt að varnaraðili hafi eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans með verkfallsaðgerðunum sbr. 1. mgr. 24. gr. KSL og staðfesti hinn kærða úrskurð.

Á þetta reyndi einnig í dómi *Hæstaréttar frá 18. júní 2001 í máli 209/2001*. Þar var úrskurður héraðsdóms staðfestur þegar hann hafnaði kröfu sóknaraðila um að fella úr gildi synjun sýslumanns um að leggja lögbann við forval. Sóknaraðili krafðist lögbanns á forvali varnaraðila til þess að velja úr hópi umsækjanda þá hæfustu til þess að sjá um og kosta byggingu rannsóknarhúss, eiga það og reka. Rannsóknarhús þetta átti að byggja á lóð sem sóknaraðili taldi sig eiga rétt á að sjá um hönnun á, enda hafði hann unnið hönnunarkeppni sem snéri að hönnun nýbyggingar á þartilgreindu svæði og aðlögun eldra húsnaðis sem fyrir stóð og heildarskipulagi alls svæðisins, bæði núverandi lóð og framtíðar byggingarsvæði. Varnaraðili hafði þegar hafið samningaviðræður við sóknaraðila um tvo hluta af mörgum. Varnaraðili var meðal annars ósammála því að sóknaraðili hafði unnið hönnunarkeppnina og að hann ætti lögvarinn höfundarrétt heildarskipulags. Héraðsdómur taldi rétt að unnið hafði verið eftir skipulagstillögu sóknaraðila að hluta en að rannsóknarhús sem varnaraðilar vildu að yrði byggt væri stærra en það sem sóknaraðili gerði ráð fyrir í tillögu sinni. Því myndi bygging þessi raska heildarsvip og ásýnd lóðarinnar og myndi því breyta skipulagstillögu sóknaraðila sem dómurinn taldi hann eiga höfundarrétt að og varnaraðila hafi samþykkt og kosið að vinna eftir. Hann tók þó fram að forvalið sem varnaraðili stóð fyrir gæti ekki verið talið athöfn sem raskar lögvörðum rétti sóknaraðila svo hægt væri að leggja lögbann á. Fremur að það gæti leitt til þess síðar þegar efnt yrði til útboðs meðal þeirra sem yrðu fyrir valinu. Þá mætti sjá hvers eðlis þær framkvæmdir yrðu, hvar rannsóknarhúsið yrði staðsett og hvort

framkvæmdirnar myndu raska réttindum sóknaraðila með þeim hætti að skilyrðum lögbanns væri talið fullnægt.

6.3. Sönnunarbyrði

Eins og fram kom hér að ofan er meginreglan sú að gerðarbeiðanda ber að sanna að skilyrði fyrir lögbanni séu fyrir hendi.⁴³ Í þessum kafla verða skoðaðir dómar þar sem reyndi á sönnunarbyrði.

Í dómi *Landsréttar frá 16. apríl 2018 í máli nr. 297/2018* var deilt um landspildu. Sóknaraðili taldi að landspilda sú tilheyrði jörð sinni í einkaeign og krafðist þess að ákvörðun héraðsdóms og sýslumanns yrði felld úr gildi, þar sem lögbanni hefði verið hafnað í báðum tilfellum. Varnaraðili hafði þá staðið í framkvæmdum á landspildunni. Við meðferð málsins var ekki talið hægt að úrskurða raunverulegan eiganda landspildunnar þar sem engin gögn lágu fyrir um það hvernig eignarhaldi á landinu væri háttað. Því var staðfestur úrskurður héraðsdóms og jafnframt ákvörðun sýslumanns um að ekki væri hægt að setja á lögbann þar sem sóknaraðili gat hvorki sýnt fram á, né gert sennilegt, að athafnir varnaraðila vörðuðu lögvarða hagsmuni hans.

Á sönnunarbyrði reyndi einnig í dómi *Hæstaréttar frá 24. maí 2002, nr. 218/2002*, þar sem Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um að fella úr gildi ákvörðun sýslumanns um að synja lögbanni við því að varnaraðilar gæfu út, sýndu eða birtu opinberlega með öðrum hætti kvikmynd sem sýndi og fjallaði um fegurðarsamkeppni. Sóknaraðilar sem voru meðal annars þátttakendur í keppninni töldu að með því að sýna myndina yrði brotið á friðhelgi einkalífs þeirra þar sem myndin innihélt myndefni af þeim fáklæddum og einkasamtöl þeirra á milli. Ekki var fallist á með varnaraðila að þegjandi samkomulag á milli aðila hafi legið fyrir og því engin heimild gefin fyrir því að taka myndir til opinberrar sýningar. Varnaraðili hafði auk þess neitað að sýna myndina við meðferð málsins og var

⁴³ Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.*, bls. 191.

Því ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort atriði í myndinni brytu gegn lögvörðum rétti sóknaraðila. Með því að halda slíku sönnunargagni frá dómnum höfðu varnaraðilar torveldað úrlausn dómsins og yrðu því að bera hallann af því. Niðurstaða héraðsdóms var því að sóknaraðilar hefðu gert sennilegt að yfirvofandi sýning myndarinnar myndi brjóta gegn lögvörðum rétti þeirra og að réttindi þeirra myndu fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum yrðu sóknaraðilar knúnir til að bíða dóms um þau. Hæstiréttur felldi málið á þeim grunni sem það kom til úrslausnar fyrir héraðsdóm.

Hér má einnig nefna *dóm Hæstaréttar frá 15. maí 2003 nr. 167/2003* þar sem reyndi á sönnunarstöðu aðila þegar sóknaraðili krafðist þess að lögbann yrði lagt á notkun varnaraðila á nýju merki sem hann notaði í og við verslun sína. Sýslumaður hafði neitað beiðni sóknaraðila og héraðsdómur hafði staðfest neitunina. Málavextir voru þeir að aðilar málsins höfðu nýverið slitið áralöngu samstarfi en varnaraðili hélt áfram að nota afbrigði af vörumerki sóknaraðila í auglýsingum í búð sinni. Varnaraðili hafði breytt vörumerkinu þannig að nafn sóknaraðila hafði verið skipt út fyrir annan texta en litur á bæði texta og bakgrunni var sá sami. Þá tók dómurinn sérstakt tillit til þess að vörumerki sóknaraðila hafði lengi verið notað á sömu stöðum í búð varnaraðila áður en hann byrjaði að nota nýja merkið. Því var talið að sóknaraðili hafði gert nægilega sennilegt að notkun á nýju merkingunni gæti leitt af sér hættu á því að aðrir gætu ætlað að tengsl væru á milli merkjanna. Sóknaraðili hafði því samkvæmt dómnum sýnt fram á að háttsemi varnaraðila gæti valdið teljandi spjöllum á réttindum sóknaraðila yrði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Því varð Hæstiréttur við kröfu sóknaraðila og gerði sýslumanni að leggja lögbann við athöfnum varnaraðila.

Um sönnunarbyrði í dómaframkvæmd má jafnframt sjá í *dómi Hæstaréttar frá 14. desember 2004, nr. 472/2004*. Þar var krafa sóknaraðila meðal annars að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumanns um að leggja ekki lögbann við því að varnaraðilar notuðu, afrituðu eða dreifðu, með eða án endurgjalds, tilteknum tölvuforritum sem hann væri réttthafi af. Við fyrirtöku sýslumanns hafði lögmaður varnaraðila viðurkennt að sóknaraðili væri

rétthafi af umræddum tölvuforritum og að skriflegar yfirlýsingar varnaraðila hefðu verið lagðar fram, þar sem varnaraðilar staðfestu að þeir myndu ekki aðhafast það sem lögbannið átti að tryggja. Hæstiréttur taldi því að sóknaraðili hefði ekki fært neitt fram til að sanna eða gert sennilegt að varnaraðilar myndu ekki standa við yfirlýsingar sínar, því væri ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 24. gr. KSL.

7. Samantekt og lokaorð

Í nútíma samfélagi er erfitt að sjá fyrir sér þá stöðu sem þjóðfélagsþegnar yrðu settir í ef almannavald hefði ekki þau völd og heimildir til þess stýra félagslegu aðhaldi. Þótt viðfangsefnið í þessari ritgerð hafi verið um lögbann og framkvæmd þess þá er hægt að láta hugann reika í þann aragrúa reglna sem fylgja öðrum fullnustugerðum og jafnframt öllum skipulögðum viðurlögum.

Lögbann tók miklum breytingum við lögfestingu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 og lög um kyrrsetningu, lögbanns o.fl. nr. 31/1990. Sú framkvæmd sem áður var í höndum dómara færðist til sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra. Við það eitt að takmarka aðgengi að dómstólum á vissum sviðum í ferli lögbanns hefur óneitanlega góð áhrif á framkvæmd þess þar sem dómstólum er ætlað að leysa úr deilum en ekki að framkvæma gerðir. Þar að auki hafa lögbann og aðrar fullnustugerðir ekki horfið af borðum dómstóla enda telst það til undantekninga að slíkar gerðir fari fram og klárast án þess að fara fyrir dómara. Grundvallar breytingin um að gerðarþola beri nú að sanna að á honum hafi verið brotið er einnig í takt við aðrar hugmyndir lögfræðinnar eins og saklaus uns sekt er sönnuð.

Lögbann er, eins og áður kom fram, ein af þremur gerðum bráðabirgðagerða sem allar eru ætlaðar til þess að tryggja að ástand haldist óbreytt þar til hægt er að fá fullnustu með dómi. Þá er þeim einnig ætlað að stoppa athafnir sem gætu brotið á rétti annarra. Þessi varnagli getur því reynst virkilega mikilvægur til þess að koma í veg fyrir skaða eða annað hagsmunatap.

Skilyrði lögbanns er vel skilgreint í 24. gr. KSL. Sú grein er fræðilegur grunnur fyrir því að ekki verði sett á ólögsmætt lögbann. Engin tvö mál eru eins og því aldrei hægt að segja aldrei, en eins og sjá má á dómaframkvæmd, þá er notkun á þeim reglum sem settar eru í greininni mjög stöðug eins og mat á lögvörðum hagsmunum og höfnu eða yfirvofandi ástandi.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra þurfa að standast ströng hæfnisskilyrði og í sumum tilfellum og í erfiðum gerðum er krafan sú að þeir sem fara með gerðina verða að

vera löglærðir. Aðgerðir sýslumanns eru einnig vel skipulagðar með það að leiðarljósi að úrlausn mála sem honum berast fái skilvirka úrvinnslu. Enda þarf sýslumaður að taka erfiðar ákvarðanir, byggða á lögum, þegar hann setur á eða neitar að setja á lögbann. Mótmæli aðila að gerð þurfa einnig að standast ströng skilyrði en sýslumaður þarf jafnframt að framkvæma mat á því hvort þær standist lög. Því má áætla að aðkoma sýslumanns að lögbanni sé snúid en jafnframt mikilvægt hlutverk sem krefst þess að hann sé dyggðaríkur.

Þegar endanleg niðurstaða er fengin frá sýslumanni um að lögbann verði sett á, getur sýslumaður fengið aðstoð frá lögreglu til þess að viðhalda gerðinni. Auk þess er hægt að fjarlægja úr höndum gerðarþola það sem ætla má að hann noti til þess að brjóta lögbannið. Ef aðilar að gerð eru ósáttir við niðurstöðu sýslumanns geta þeir farið fram á endurupptöku á gerðinni en fyrir því eru ströng skilyrði.

Þótt framkvæmd lögbanns sé í höndum sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra, þurfa dómstólar engu að síður að leysa úr ágreiningi sem getur myndast við aðgerðir sýslumanns og skilyrðin sem hann taldi uppfyllt, sem urðu til þess að lögbannið var ákveðið. Til þess að lögbann haldist þarf því nánast undantekningalaust að fara fram staðfestingarmál þar sem málsástæður eru skoðaðar, nema að gerðarbeiðandi fullyrði að hann muni una við ákvörðun sýslumanns. Sökum þess hafa sýslumenn og dómstólar ekki alltaf komist að sömu niðurstöðu eins og sjá má í dómaframkvæmd. Framkvæmd þessi eykur réttmæti og áreiðanleika á lögbanni og notkun þess fyrir þá aðila sem þurfa að reiða sig á það, hvort sem það fellur í hlut gerðarþola eða gerðarbeiðanda.

Dómstólar hafa dregið ákveðna línu við það hvenær dæmt er um að skilyrði fyrir lögbanni hafi verið uppfyllt og þó svo að öll mál séu ólík þá virðist sönnunarmat dómstóla á því frekar þröngt í þeim skilningi að lögbann verður ekki sett á nema að skilyrðin séu bersýnilega fyrir hendi.

Að lokum má álykta, eftir yfirferð á dómum, að þegar taka þarf afstöðu til þess hvort skilyrði fyrir lögbanni eru uppfyllt eða ekki er það yfirleitt gerðarþoli, eða sá sem lögbann beinist gegn, sem fær að njóta vafans þegar íþyngjandi ákvörðun er tekin.

HEIMILDASKRÁ:

Alþingistíðindi.

Einar Arnórsson: *Kyrrsetning og lögbann*. Reykjavík 1937.

Björg Thorarensen: *Um lög og rétt – helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík 2017.

Markús Sigurbjörnsson: *Aðfaragerðir*. Reykjavík 1995.

Markús Sigurbjörnsson: *Handbók. Aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl.* Reykjavík 1992.

Páll Hreinsson: *Málsmeðferð stjórnvalda*. Reykjavík 2019.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði – Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Reykjavík 2007.

DÓMASKRÁ

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 12. júní 2009 í máli nr. 174/2009

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 14. desember 2004 í máli nr. 472/2004

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 15. maí 2003 í máli nr. 167/2003

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 24. maí 2002 í máli nr 218/2002 (H. 2002:1941)

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 18. júní 2001 í máli nr. 209/2001

Dómur Landsréttar frá 15. desember 2021 í máli nr. 690/2021

Dómur Landsréttar frá 7. maí 2021 í máli nr. 177/2021

Dómur Landsréttar frá 3. apríl 2019 í máli nr. 193/2019

Dómur Landsréttar frá 16. apríl 2018 í máli nr. 297/2018

Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 28. október 2021 í máli nr. K-1991/2021